

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlanir:

*Efnisvinnslusvæði við Vík, deiliskipulagsbreyting.*

Breytingin snýr að nýjum byggingarreit fyrir spennistöð raforku annars vegar og hins vegar að vatnstöku úr Uxafótalæk til að nota við efnisvinnsluna.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. september 2023.

*Reynisdalur 2, deiliskipulag.*

Deiliskipulagið nær yfir 1.315 m<sup>2</sup>. Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir nýbyggingum á einbýlishúsi ásamt gestahúsi og garðhúsi.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2023.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Vík í Mýrdal, 22. apríl 2024.*

**George Frumuselu**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 8. maí 2024